

Á aðlægum skipulagsreit úr landi Leifsstaða eru gerðar þær breytingar að mörk lóðar nr. 30 að vestan og byggingarreiturinn færast lítilla til austurs. Sama gera austurmörk lóðarinnar. Þá færast rotþró úr land Brúarlanda vestur fyrir lóð nr. 30 í landi Leifsstaða.

Tillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Eyjafljóðarsveit, 16. september 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftirlit í Snæfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjáreftirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferða-kostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o. fl. og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.